

Ed.

221. Nefndarálit

[123. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Sú stefna, sem felst í hreinni verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, er um margt eðlileg, ef þar er rétt að staðið, t. d. varðandi fullnægjandi tekjur fyrir sveitarfélögin vegna nýrra verkefna. Þar þarf hins vegar að móta heildarstefnu og gera þar á skil til frambúðar.

Þetta frv. er hins vegar bráðabirgðafrankvæmd, sem engan vanda leysir, að fáum liðum vikið og þeir ekki nægilega undirbúnir.

Um fáeina þeirra má e. t. v. segja að um eðlilega ráðstöfun sé að ræða, enda er þar eingöngu um smærri liði að ræða.

En stærstu liðirnir eru um margt verðir miklu nánari athugunar, einkum þó varðandi dvalarheimili aldraðra og dagvistunarstofnanirnar. Þar er verið að umbylta tiltölulega nýrri löggjöf, sem eining var um á sínum tíma og hefur í báðum tilfellum reynst mjög vel, orðið beinn hvati aukinna verkefna á þessum sviðum. Hér er og um verkefni að ræða, sem hiklaust má telja eðlilegast, að samfélagið, ríkið, taki þátt í.

Varðandi viðhald skólmannvirkja þykir okkur ekki nægilega séð fyrir vanda heimavistar skólanna, þó það verkefni eigi rétt á sér í þessum flokki. Þá er það skilyrði sveitarstjórnarmanna um það, að séð verði fyrir tekjum til fræðsluskrifstofa, — skilyrði fyrir fylgi við slíkt frv., — en í þessu frv. bólar ekkert á lausn þess.

Hér til viðbótar kemur svo fyrirvari um það, að um jöfn skipti sé að ræða, annars vegar á tekjutilfærslu og hins vegar á kostnaði við þau verkefni, sem yfirfærð eru á sveitarfélögin. Um það liggja ekki nógu ljósar upplýsingar fyrir, alveg sérstaklega miðað við framtíðina. Allt er þetta fálmennt, svo ekki sé meira sagt, og sum verkefni þess eðlis, að það er ekki við það unandi, að ríkið hætti þar þátttöku í kostnaði. Eins liggur ljóst fyrir að Samband isl. sveitarfélaga hefur ekki lýst yfir samþykki sínu við frv. í núverandi mynd. Því leggjum við til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 18. des. 1975.

Helgi F. Setjan,
frsm.

Bragi Sigurjónsson.